



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar**

Íþróttir skapa gleði, styrkja heilsu og efla einbeitni og áráðni. Þær veita okkur sannfæringu um eigin getu og leggja grundvöll að vináttu og samheldni sem oft vara alla ævi.

Áður fyrr voru íþróttir einkum tengdar keppni og sigrum á leikvelli og í fornum sögum íslenskum eru lýsingar á fimum köppum. Á okkar tíð hefur þróunin blessunarlega verið á þann veg að íþróttir urðu hlekkur í keðju heilbrigðra lífshátta sem þorri landsmanna kappkostar að tileinka sér – íþróttir af öllu tagi: sund ganga, skokk, leikfimi, boltaleikir, golf, hestamennska; auk þeirra keppnisgreina sem löggildar eru á alþjólegum mótum.

Íþróttahreyfing fatlaðra á stóran hlut í þessari þjóðlífsbreytingu. Hreyfingin hefur ekki aðeins valdið byltingu í íþróttaiðkun fatlaðra heldur hefur hún einnig veitt Íslendingum nýja lífssýn. Þjóðin hefur öðlast bjartsýni og kjark við að fylgjast með þeim glæsilega árangri sem fatlaðir hafa náð. Fyrir þá gjöf þökkum við á þessum tímamótum.

Að finna sigur í eigin brjósti, að sjá árangur hjá sjálfum sér og öðlast þannig kraft til nýrra verka er þó allri keppni æðri.

Íþróttahreyfing fatlaðra hefur fært þúsundum slíka sannfæringu. Hún hefur aukið lífsgleði og sjálfstraust einstaklinga og gert íslenskt þjóðfélag betra og litríkara.

Ég færi ykkur hamingjuóskir og þakkir þjóðarinnar fyrir frábært starf.